



Varðar: Hádegismóar 6

Lögð fram fyrirspurn Snælands Grímssonar, dags. 30. desember 2022, um breytingu á deiliskipulagi Hádegismóa vegna lóðarinnar nr. 6 við Hádegismóa sem felst í breytingu á lóðarmörkum, samkvæmt uppdr. Þorleifs Eggertssonar arkitekts dags. 16. desember 2022. Einnig er lögð fram loftmynd, ódags.



Hluti AR 2040



Hluti gildandi deiliskipulags



Loftmynd, dags. 20.7.2022.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag


Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt því er lóðin Hádegismóar 6 á skilgreindu miðsvæði (M17). Um skilmála skipulagsins segir: „Á miðsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi, stjórnslu og skrifstofum en einnig íbúðum, einkum á efri hæðum bygginga. Miðsvæði þjóna ýmist öllu landinu, höfuðborgarsvæðinu öllu eða nokkrum íbúðarhverfum. Á miðsvæðum fer almennt fram fjölbreyttari starfsemi en rúmast á verslunar- og þjónustusvæðum (VP).“

Um skilmála fyrir M17. Hádegismóar segir: „M17. Hádegismóar. Einkum skrifstofur, ýmis þjónusta og léttur iðnaður.“


Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið, þ.e. Hádegismóar – Deiliskipulag, samþykkt í Borgarráði, þann 18. apríl 2000, með síðari tíma breytingum.





Tillaga að lóðarskiptum, breytt lóðarmörk.



Lóðarteikning.

Umsögn

Fyrirspurnin varðar breytingu á lóðarmörkum sem fellst auk þess í breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Hádegismóa.

Í stuttri lýsingu á erindinu kemur fram að komið hefur í ljós að form lóðarinnar hentar ekki fyrir fyrirtæki með stóra langferðabíla. Breyting á lóðarmörkunum fæli í sér að skipt væri á jafnstórum lóðarhlutum úr borgarlandi og lóð Hádegismóa 6, þ.e. 628,5 m². Ástæða þessarar lóðarbreytingar er sú að það er mikilvægt að 15m langur langferðabíll geti snúið við aftan við húshorn verkstæðisbyggingar Hádegismóa 6.

Sá hluti lóðar Hádegismóa 6 sem lagt er til að skiptur verði út fyrir jafnstóran hluta úr borgarlandi er óhreyft land í dag og er þar gróinn mói. Lóðin afmarkast á þessu svæði af göngustíg til suðurs og reiðstíg til austurs. Sá hluti borgarlands sem lagt er til að verði hluti af lóð Hádegismóa 6 er utan svæðis sem deiliskipulag Hádegismóa nær yfir (sjá deiliskipulagsbreytingu samþ. 2. maí 2007). Jafnframt nær ný afmörkun lóðar inná skilgreint opið svæði (OP15) skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Þá þyrfti að hliðra til reiðstíg sem liggur meðfram austurmörkum lóðarinnar.

Ekki

Niðurstaða

Tekið er neikvætt í fyrirspurnina. Um er að ræða grænt svæði á borgarlandi og opið svæði skv. skilgreiningu aðalskipulags.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur og verkefnastjóri.

